



Formannafundur LH

1.nóvember 2019 – Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Formaður LH setti fund kl. 14.07, býður fundargesti velkomna, tilnefndi fundarstjóra Marteinn Magnússon og ritara Berglind Karlsdóttur.

1. Skýrsla stjórnar –

<https://www.lhestar.is/static/files/sky-rsla-stjo-rnar-2019.pdf>

a. Lárus Ástmar Hannesson formaður LH fór yfir störf stjórnar frá því Landsþingi 2018

- Stöðugildi á skrifstofu eru 2,7. Breytingar urðu á skrifstofunni 1. nóvember: Berglind Karlsdóttir tekur við sem framkvæmdastjóri, Hjörný Snorradóttir fráfarandi framkvæmdastjóri tekur við starfi verkefnastjóra, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir er verkefnastjóri afreksmála.
- Skýrslur nefnda eru aðgengilegar á vef LH.
- FEIF-þing var haldið í febrúar í Berlín.
- Leiðtoganámskeið FEIF var haldið í Hveragerði í nóvember 2018, Helga B. Helgadóttir hélt utan um námskeiðið og alls voru 35 þátttakendur á aldrinum 18 til 26 ára frá 10 löndum.
- Youth Camp var haldið í Hestheimum og þar voru 32 þátttakendur á aldrinum 13-17 ára frá 11 löndum. Karen Woodrow og Helga B. Helgadóttir héldu utan um það.
- Samstarf Norðurlanda NIHC. Óvissa er um hvar Norðurlandamót verður haldið, Finnar hafa gefið mótið frá sér en formenn lands sambanda Norðurlanda eiga nú í viðræðum um hvar halda skuli mótið og skýrist það á næstu vikum.
- Dagur íslenska hestsins var haldinn 1. maí í samstarfi við HOI. Voru margir skemmtilegir viðburðir á dagskrá hjá Hestamannafélögum um allt land.
- 17. júní í miðbæ Reykjavíkur. Á dagskrá Reykjavíkurborgar voru LH og Horses of Iceland í samstarfi um stutta sýningu við Tjörnina.
- Worldfengur, myndbönd frá landsmótum eru að tynast inn í Worldfeng eitt af öðru,
- Sportfengur og LH Kappi eru útrás. Svíar notuðu Sportfeng á nokkrum mótum í sumar og viðræður standa yfir við Svía, Norðmenn og Finna um að nota Sportfeng á næsta keppnistímabili.
- Skógarhólar – Talsverðar endurbætur voru gerðar á Skógarhólum í vor og sumar og aðsókn var með betra móti. Hollvínasamtök Skógarhóla voru stofnuð í haust, þau munu halda utan um endurbætur sem gera þarf á Skógarhólum.
- Samstarf LH og Félags tanningamanna – opinn fundur í lok keppnistímabils sem bar yfirheitið Eru dómara og knapar að tala sama tungumál?
- LM ehf. – Viðræður eru í gangi við Hestamannafélagið Sprett um að halda landsmót 2022 og verður samningur væntanlega undirritaður á næstu vikum.
- Landsmót 2020 – góður gangur er í undirbúningi fyrir landsmót á Hellu á næsta ári.



- Íslandsmót – Hestamannafélögin á suðvesturhorninu héldu Íslandsmót 2019 í sam-
einingu á félagssvæði Fáks í Víðidal. Mótið var sérlega vel heppnað og er mótshöldurum
þakkað fyrir gott mót. Íslandsmót 2020 og 2021 eru laus til umsóknar.
- Næsta Landsþing LH verður haldið í Skagafirði 2020.
- Uppskeruhátíð hestamanna verður haldin í Súlnasal Hótel Sögu 2. nóvember, undirbún-
ingur er í fullum gangi.
- 70 ára afmæli LH - Guðmundur Birkir Þorkelsson hefur tekið að sér að rita sögu félagsins
og hefur sett sig í samband við alla núlifandi fyrrverandi formenn. Í tilefni afmælisins
verður dagskrárliður í lok formannafundar þar sem fyrrverandi formenn mæta.
- Nýjar áherslur í afreksmálum. Í lok árs 2018 var LH sett í c-flokk sérsambanda hjá ÍSÍ en
með breyttum áherslum, stofnun landsliðshópa ofl., standa vonir til að LH komist upp í
b-flokk sérsambanda á þessu ári.
- HM í Berlín 2019. Góður árangur náðist á Heimsmeistaramótinu í Berlín, mikil vinna var
lögð í undirbúning og myndaðist góð og mikil liðsheild innan hópsins.

b. Verkefni skrifstofu - Hjörný Snorradóttir framkvæmdastjóri LH

Verkefni skrifstofu eru mörg og fjölbreytt:

- Símsvörun og tölvupóstar
- Innheimta og reikningagerð
- Undirbúningur stjórnarfunda
- Framfylgja ákvörðunum af stjórnarfundum
- Fylgja verkefnum eftir í nefndum
- Skrifa fréttir á vefsíðu og fréttabréf
- Setja inn á samfélagsmiðla tilkynningar og fréttir
- Mótaskrá LH
- Aðstoð við Sportfeng
- Skrá WR mót til FEIF og skila WR skýrslum
- Samningar við styrktaraðila, verktaka og mótshaldara
- Uppfæra vefsíðu og setja þar inn mikilvægar upplýsingar
- Fylgja eftir innsetningu á myndefni á WorldFeng
- Samskipti við m.a.
 - Hestamannafélögin
 - FEIF
 - ÍSÍ, Afrekssjóð
 - Dómarafélögin,
 - Horses of Iceland
 - BÍ
 - ofl.
- Skógarhólar
- Persónuverndarlöggjöf
- Ýmsar styrkumsóknir
- Þjálfarastig ÍSÍ
- Undirbúningur viðburða, til dæmis:



FEIF þing
Nefndakvöld
Kynning á landsliðshópum
Líkamlegar mælingar á landsliðsknöpum
Fyrirlestrar og fundir með landsliðshópum
Þeir allra sterkustu
Dagur íslenska hestsins 1. maí
17. júní í miðbæ Reykjavíkur
Youth Camp/Youth Cup
Íslandsmót
HM/NM
Formannafundur/Landsþing
Uppskeruhátíð hestamanna
Leiðtoganámskeið FEIF
Vinnuhelgi stjórnar

- Stærri verkefni skrifstofu sem eru í vinnslu, t.d.:
Stefnumótun LH
Afreststefna LH
Handbók fyrir mótshaldara
Hæfileikamótun LH
Heilbrigðisteymi LH
Nýliðun – rammi um félagshesthús
Ert þú í hestamannafélagi?, átaksverkefni í samstarfi við HOI

c. Skógarhólar – Eggert Hjartarson stjórnarmaður LH

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsnaði á Skógarhólum og girðingar lagaðar. Margir góðir aðilar komu að verkinu og ýmis fyrirtæki hafa stutt vel við verkefnið með framlagi.

Sótt hefur verið um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamála til að endurhlaða réttina við Skógarhóla.

Vinir Skógarhóla eru hollvinasamtök sem voru stofnuð í sumar, samtökin munu taka að sér þau verkefni sem fram undan eru á Skógarhólum, t.d. að taka saman upplýsingar um sögu staðarins og sinna viðhaldi og endurbótum á húsinu.

d. Ársreikningar 2018 og átta mánaða árhautauppgjör 2019 – Ólafur Þórisson gjaldkeri LH

Ólafur gjaldkeri fór yfir ársreikning 2018 og árhautauppgjör 2019. Reikningarnir voru aðeins til kynningar en verða lagðir fyrir Landsþing 2020 til samþykktar. Hagnaður ársins 2018 er kr. 3.789.317.

Umræður undir dagskrárliðnum skýrsla stjórnar:

Skapti Steinbjörnsson tók til máls og tilkynnti að níu hestamannafélög á NV- og N-landi sækja sameiginlega um að halda Íslandsmót fullorðinna 2021 að Hólum í Hjaltadal. Félögin eru: Funi, Grani, Hringur, Neisti, Skagfirðingur, Snarfari, Þjálfí, Þytur og Þráinn.



Sigfús Helgason formaður Léttis tók til máls.

Drög að samgönguáætlun liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda, biður fólk að vera vakandi gangvart úthlutun í reiðvegafé. Aðeins 80 milljónir eru áætlaðir til reiðvega, leggur til að formannafundur láti til sín taka í þessum málum.

Leggur spurningu til stjórnar um viðauka við samninga um Landsmót 2018 og 2020, óskar eftir útskýringum á þeim.

Skógarhólar – finnst að Skógarhólar eigi ekki að vera á vegum LH.

Bendir á að ráðstefnur og fundir á vegum LH megi vera annarsstaðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Hjörtur Bergstað formaður Fáks tók til máls.

Fákur á mikið af ljósmyndum og kvikmyndum og hafa skrifað stóran hluta af sögu félagsins, saga Skógarhóla fléttast þar inn. Fagnar endurbótum á Skógarhólum og telur það verði tekjulind fyrir LH þegar fram í sækir.

Íslandsmót 2019, var haldin af félögum á suðvesturhorninu. Tókst vel og styrkti samband félaganna. Kvartar undan seinum viðbrögðum við beiðni um stuðning frá stjórn LH, leggur til að LH styrki félög til að halda Íslandsmót og setja þurfi ramma um Íslandsmót.

Lárus Ástmar Hannesson formaður LH tók til máls.

Viðaukar við landsmótssamninga snúast um að ábyrgð á rekstri er kominn yfir á mótshaldara og því er sett þak á hlut LM ehf. af miðasölu, eða 8% en að hámarki kr. 7.000.000.

Tekur undir með Hirti að setja þarf ramma um Íslandsmót og verður gerð tillaga um það á næsta landsþingi.

2. Yfirferð þingskjala frá Landsþingi 2018 – Sóley Margeirsdóttir, varaformaður LH

- Þskj. 1 og 8, voru felld
- Þingskjöl 2, 3, 4, 5, 6, 9, 10, 13, 21 og 22 voru samþykkt og voru færð inn í lög og reglur LH þar sem við á.
- Þingskjöl sem var vísað til stjórnar eða annarra nefnda:
 - Þskj. 7 *Starfshópur um keppnisreglur í gæðingafimi.*
Starfshópur mun skila reglum og leiðara um gæðingafimi fyrir næsta keppnistímabil
 - Þskj. 11 *Styrkleikaflokkar fullorðinna*
Er í vinnslu hjá keppnisnefnd
 - Þskj. 12 *Skoðun á framgangi landsmóta*
Er í vinnslu og skoðun hjá stjórn LH
 - Þskj. 14 *Kafli 3 í lögum og reglum LH verði uppfærður*
Er vinnslu hjá laganefnd



- Þskj. 15 *Rammi um Íslandsmót*
Er í vinnslu hjá skrifstofu LH
- Þskj. 16 *Spjaldskilgreiningar í reglum sambandsins*
Er í vinnslu hjá keppnisnefnd LH og FEIF
- Þskj. 17 *Framgangur knapa og keppnishrossa í kappreiðum*
Er í sífelldri skoðun hjá keppnisnefnd
- Þskj. 18 *Breytingartillögur um keppnisreglur LH berist keppnisnefnd og laganefnd 3 mán. fyrir Landsþing*
Fylgt eftir á skrifstofu
- Þskj. 19 *LH standi fyrir fræðslu um TREC*
Opið til umsóknar
- Þskj. 20 *Skráning á Íslandsmetum*
Í skoðun í samræmi við reglur FEIF
- Þskj. 23 *Erindi verði sent til Umboðsmanns Alþingis með fyrirspurn um lagalegan rétt ríðandi umferðar meðfram ám og vatnsbökkum.*
Umboðsmaður Alþingi hefur svarað erindinu þannig að það uppfylli ekki skilyrði til að Umboðsmaður taki það til frekari meðferðar.
- Þskj. 24 *Stjórn sendi tilmæli til opinberra aðila um að aflagðar girðingar verði fjarlægðar*
Stjórn sendi bréf til MAST
- Þskj 25. *Öryggismál og forvarnir*
Er í vinnslu hjá stjórn og skrifstofu.

3. Æskulýðsbikar LH – Karen Woodrow formaður æskulýðsnefndar LH

Hestamannafélagið Geysir hlaut æskulýðsbikar LH að þessu sinni fyrir öflugt æskulýðsstarf á árinu. Karen Woodrow formaður æskulýðsnefndar LH afhenti bikarinn en það kom í hlut Katrínar Sigurðardóttir að veita bikarnum viðtöku fyrir hönd Geysis

4. Landsmót 2020 – Eiríkur Vilhelmsson

Eiríkur fór yfir undirbúning fyrir Landsmót sem fer fram á Hellu næsta sumar. Undirbúningur hefur gengið vel, framlag sjálfbóðaliða er mikið og hugur í félagsmönnum. Landsmót hefur tryggt sex öfluga samstarfsaðila. Hestamannafélögin geta óskað eftir sameiginlegu tjaldsvæði. Landsmót hefur óskað eftir samstarfi við hestamannafélögin í forsölu, 1000 kr. af miðaverðinu rennur til félagsins með því að gefa upp kóða eða nota link á heimasíðu félagsins.

5. Afreksstarf LH

Skýrsla landsliðsnefndar:

<https://www.lhhestar.is/static/files/sky-rsla-landslidsnefndar-lokaskjal-1-.pdf>

a. Ný sýn í afreksmálum LH - Kristinn Skúlason formaður landsliðsnefndar

Kristinn fór yfir breytingar sem gerðar voru á afreksstarfi LH á árinu. Í lok síðasta árs var



LH sett niður í C-flokk sérsambanda hjá afrekssjóði ÍSí. Í kjölfarið voru afreksmál LH tekin til gagn Gerrar endurskoðunar. Stofnaðir voru landsliðshópar fullorðinna og U-21, aðferð við val á knöpum fyrir HM var breytt, úrtökumót voru lögð niður en í staðinn var horft til árangurs knapa á þremur WR-mótum. Umgjörð kringum landsliðið var eflað og bætt og framleiddir voru stuðningsmannabólir sem lituðu stúkuna bláa í Berlín. Þetta skilaði betri árangri en nokkru sinni á HM og rekstur landsliðsins skilaði hagnaði inn í félagsstarf LH.

b. Hæfileikamótun LH – Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, verkefnastjóri afreksmála

Hæfileikamótun LH er í undirbúningi og hefst um áramótin. Markmiðið er að efla og auka færni 14-17 ára unglunga, með markvissri og faglegri kennslu, og undirbúa knapa undir landsliðsverkefni. Þannig verði samfella í afreksstarfi LH allt frá unglungaaflokkum og upp í meistaraaflokk. Komið verður á laggirnar sex hópum, hver með átta unglungum, í öllum landshlutum. Hóparnir hittast í þremur kennsluhelgum fram eftir vetri og einu sinni til tvisvar að hausti án hesta í fyrirlestri eða sýnikennslu.

Umsóknarfrestur er frá 11. til 25. nóvember, valið verður úr umsóknum og hópar tilkynntir um miðjan desember.

6. Sportfengur – Þórður Ingólfsson formaður tölvunefndar LH

Sportfengur er í útrás, Svíar eru farnir að nota hann, aðrar Norðurlandþjóðir eru áhugasamar. Vinna stendur yfir við að þýða Sportfeng yfir á ensku. Nýtt skráningarkerfi er í vinnslu. Breytingar eru að verða á tölvudeild BÍ en hún verður færð yfir til RML og deildin er falið eitt eins og er, þetta hefur áhrif á Sportfeng þar sem öll forritun er í höndum BÍ. Tekjur af Sportfeng skiptast á milli LH og BÍ.

Fór yfir mikilvægi þess að mótshaldarar staðfesti mótsskýrslu í lok móts, þá fyrst verða einkunnir mótsins sýnilegar í WF á löglegum mótum. Sjálfsagt er að nota Sportfeng þó mót séu ekki lögleg en passa þarf upp á merkja mótin slík.

7. Gæðingafimi LH

Hjörný Snorradóttir skýrði frá störfum nefndar um gæðingafimi í fjarveru Mette Mannseth.

Landsþing 2018 fól stjórn LH að skipa starfshóp til að vinna í því að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins. Nefndin hefur unnið hörðum höndum að því að búa til reglur og leiðara fyrir keppnisgreinina og stefnt er að því að keppt verði eftir þeim reglum á næsta keppnistímabili.

8. Félagshesthús Sörla – Auður Ásgrímsdóttir og Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir

Auður og Guðbjörg umsjónarmenn félagshesthúss Sörla skýrðu frá öfluglu starfi sem þar fer fram. Börn og unglingar í félagshesthúsunum hafa sýnt mikinn áhuga og framfarir. Þau eru á



ýmsum stigum, byrjendur og lengra komnir. Krakkarnir eru dugleg að taka þátt í félagsstarfi Sörla.

Nauðsynlegt er að hafa raunhæfa fjárhagsáætlun áður en haldið er af stað. Starfið krefst mikils undirbúnings og mikillar vinnu. Erfitt reyndist að samræma starfið fyrir þá sem komu á eigin hestum og þá sem voru á lánshestum. Stofnuðu bakhjarlahóp á facebook sem í er fólk sem eru tilbúin að veita aðstoð þegar á þarf að halda.

9. **Þrepaskipt æfingakerfi í hestamennsku fyrir 6-12 ára – Karen Woodrow og Sif Jónsdóttir**

Karen og Sif kynntu þrepaskipt æfingakerfi í hestamennsku sem gerir börnum 6-12 ára kleift að stunda/æfa hestamennsku á ársgrundvelli, undir leiðsögn fagmenntaðra þjálfara líkt og aðrar íþróttgreinar. Kerfið er hugsað sem rammi fyrir hestamannafélög og reiðkennara.

Til þess að kerfið komist í gagnið og virki sem skildi þarf LH að þróa það og fylgja því eftir. Hugmyndin er að hafa sex þrep sem hægt væri að ljúka á um 5-8 árum.

10. **Fundinum var skipt upp í umræðuhópa**

Samantekt úr umræðuhópum:

a. **Formenn hestamannafélaga**

Lárus tók saman umræður sem fóru fram meðal formanna.

- *Stefnumótunarvinna* fyrir LH: Hvert er hlutverk og hver eru gildi LH. Boðað verður til vinnufunda með hestamannafélögum fyrir stefnumótunarvinnu.
- *Nýliðun*: Hvernig getur LH stutt betur við hestamannafélögin, félagshesthús og nýliðun. Taka saman punkta og efni sem er aðgengilegt, svo ekki þurfi að finna upp hjólið. LH safni saman skýrslum um reynslu hestamannafélaganna í þessum málum.
- *Ert þú í hestamannafélagi?* Átaksverkefni Horses of Iceland og LH. Auglýsingaherferð til að hvetja fólk sem ekki er í hestamannafélagi að ganga í félagið á sínu svæði. Benda á hvað hestamannafélagið gerir fyrir félagsmenn, aðstaðan sem félögin byggja upp er ekki sjálfsgöð, og höfða til þess að tilheyra samfélagi hestamanna.

b. **Framkvæmdastjórar og gjaldkerar**

Ólafur Þórisson tók saman umræður sem fóru fram:

- Rekstur félagshesthúsa, Sörli, Fákur og Hornfirðingur kynntu sín félagshesthús. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að hestamennska sé heilsársíprótt, það myndi hjálpa til við að koma hestamenskunni inn í skólana sem valfag.
- Mikil uppsveifla er í æskulýðsstarfi í öllum félögum.
- Þurfa hestamannafélögin launaðan framkvæmdastjóra? Í flestum stærri félögum eru framkvæmdastjórar nauðsynlegir en litlu félögin telja sig ekki hafa þörf fyrir þá.



c. Æskulýðsfulltrúar

Pórunn Eggertsdóttir kynnti samantekt á umræðum æskulýðsfulltrúa

- Nýliðun og félagshesthús. Ræddu hvernig nýliðun gengur úti á landi. Víða erfitt að bjóða upp á aðstöðu, þar sem ekki er kjarnahesthúsabyggð.
- Margt að gerast í nýliðunarstarfi.
- Þrepaskipta æfingakerfið. Þarft fyrir hestamannafélögin að hafa eitthvað skipulag sem hestamannfélög geta tekið og gert að sínu.
- Hæfileikamótun LH rædd, félögin hvetji sína krakka til að sækja um.

11. Önnur mál

Magnús Ólason formaður Sleipnis tilkynnti að Hestamannafélagið Sleipnir býðst til að halda Íslandsmót barna og unglinga árið 2020.

12. LH 70 ára

Guðmundur Birkir Þorkelsson sagði frá að verið væri að undirbúa skrásetningu á sögu LH.

Allir núlifandi fyrrverandi formenn LH mættu til að fagna 70 ára afmælinu, þeir Leifur Kr. Jóhannesson formaður árin 1986-1988, Kári Arnórsson formaður árin 1988-1994, Guðmundur Jónsson formaður árin 1994-1996, Birgir Sigurjónsson formaður árin 1996-1998, Jón Albert Sigurbjörnsson formaður árin 1998-2006 og Haraldur Þórarinsson formaður árin 2006-2014.

Kári Arnórsson fyrrverandi formaður LH fór stuttlega yfir sögu félagsins.

Í tilefni afmælisins bauð formaður LH fundargestum til veglegrar afmælistertu í lok fundars.

Fundi slitið.